

ASKUR OG EMBLA

Persónur: Pulur, Óðinn, Vilji, Vé, Askur, Embla

Pulur: Óðinn, Vilji og Vé gengu saman niður að strönd. Hafið var dimmblátt og öldurnar gjálfrúðu við steinana í fjörunni og skvettu söltu vatni yfir tvo trjáboli sem sjórin hafði fleytt að landi.

Vé: En hvað þessi tré eru myndarleg. Það er skömm að láta þau grotna niður hér.

Vilji: Eigum við að búa eitthvað til úr þeim?

Pulur: Þeir lyftu trjánum og hugsuðu sig um.

Vé: Ég ætla að gefa þeim líf og anda.

Vilji: Þá er eins gott að ég gefi þeim hæfileikann til að hreyfa sig og vit til að gera það rétt.

Pulur: Samstundis tóku trén að breytast. Stofninn klofnaði í tvennt að neðanverðu og varð að fótum en greinarnar að handleggjum og höndum. Krónurnar vöðluðust saman og urðu eins og bolti ofan á búknum. Svo stauluðust þau af stað og fálmuðu í kringum sig eins og þau væru að leita og átta sig á tilverunni.

Óðinn: Þetta gengur ekki, þau hafa enga hugmynd um hvar þau eru stödd. Ég ætla að breyta þessum hnöttum í höfuð og setja á þau andlit. Svo gef ég ykkur eyru sem heyra illt og gott, augu sem sjá liti og líf, og munn sem tjáir allt sem ykkur langar til að segja.

Pulur: Og fyrir en varði stóðu maður og kona á ströndinni og horfðu undrandi hvort á annað.

Embla: Hvað heitirðu?.

Vilji: Ég held að hann heiti Askur.

Vé: Og þú heitir Embla.

Askur og Embla: Við þökkum ykkur fyrir að gefa okkur lífið. En hvað eigum við eiginlega að gera við það?

Óðinn: Mér finnst best að þið ákveðið það sjálf. Ég er viss um að ykkur dettur eitthvað skemmtilegt í

hug.

Pulur: Þau litu hvort á annað, kinkuðu svo kolli og gengu af stað eftir ströndinni. Bræðurnir stóðu eftir ánægðir með afrekið og ákváðu að taka því rólega það sem eftir var dagsins. En allt í einu hvíslaði Vé.

Vé: Sjáið þið alla hrímþursana. Ég er hræddur um að þeir ætli að ráðast á Ask og Emblu.

Pulur: Hinir litu út eftir ströndinni og sáu hvar hópur af þessum stórstígum jötnum þrammaði á eftir skötuhjúunum.

Óðinn: Komið þið strax, við verðum að hjálpa þeim!

Pulur: Þeir gripu lurka úr fjörunni og hentust af stað. Ferðin á þeim var slík að þursarnir flýðu æpandi í allar áttir þegar þeir ruddust gegnum hópinn og sveifluðu bareflunum í kringum sig.

Embla: Eruð þið bara komnir?

Vilji: Já, hrímþursinn Bergelmir og hyski hans var að elta ykkur. Við hröktum þá í burtu.

Askur: Nú?

Pulur: Askur og Embla litu spyrjandi á hann. Þau vissu greinilega ekkert um hrímþursa.

Vé: Þetta er leiðindalið og þeir hafa áreiðanlega ætlað að gera ykkur eitthvað illt.

Óðinn: Þessvegna ætlum við fara með ykkur nær miðju jarðarinnar. Þar ættuð þið að vera örugg.

Pulur: Svo gengu þau af stað langar leiðir yfir fjöll og firnindi. Á endanum fundu þau geysimikið og búsældarlegt svæði sem var vel varið því að augnabráunir Ýmis mynduðu háa múra í kringum það.

Óðinn: Þennan stað skulum við nefna Miðgarð og hér eiga mennirnir að búa en hrímþursar og bergrisar verða úti við sjóinn,.

Vé: Já, þeir verða í Útgarði.

Óðinn: Mér þykir líklegt að hér fari vel um ykkur,.

Pulur: Askur og Embla horfðu hrifin í kringum sig. Við þeim blöstu grænar grundir og svipmikil fjöll með kliðandi lækjum í hlíðunum.

Óðinn: Ég vona að með tímanum fyllist þessi fallegi staður af fólki.

Þulur: Rétt í því heyrðist hvás og þytur í lofti og tveir kettir komu fljúgandi og drógu á eftir sér glæstan vagn sem ljómandi falleg kona sat í. Hún var með hálsmen svo fagurt og glitrandi að þeir fengu ofbirtu í augun. Hún horfði um stund brosandi á Ask og Emblu og hottaði svo á kisurnar sem hækkuðu flugið og hurfu út í blámann. Vilji og Vé horfðu hugfangnir á eftir henni. Askur og Embla litu ljómandi augum hvort á annað.

Askur og Embla: Við skulum gera okkar besta til að fjölga fólki hér í Miðgarði.

Þulur: Þau stóðu sannarlega við orð sín og innan skamms var orðið fullt af fólki á Jörðinni.